

Sagnabrunnur ehf.

# Fornleifarannsókn vegna vegaframkvæmda að Arnórsstöðum, Jökuldal, Múlaþingi

---



Rannveig Þórhallsdóttir

**2022**



Forsíðumynd: Taka könnunarskurðar í gegnum tóft NM-119:027, 6. október 2021.

Útgefandi: Sagnabrunnur ehf.

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema annað sé tekið fram.

@ Rannveig Þórhallsdóttir

## Efnisyfirlit

Abstract .....	5
Inngangur .....	6
Framkvæmdasvæðið.....	7
Saga Arnórsstaða.....	7
Markmið .....	8
Rannsóknaraðferð og könnunarskurður .....	9
Niðurstöður.....	10
Heimildir .....	11
Fylgigögn .....	13

## Grunnupplýsingar

**Rannsóknarnúmer:** 202109-0121.

**Safnnúmer Þjóðminjasafns:** 2021-69.

**Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur):** Skoðun minja innan framkvæmdasvæðis að Arnórsstöðum, Jökuldal, Múlaþingi, vegna vegagerðar.

**Tegund rannsóknar:** Framkvæmdarannsókn (könnunarskurður).

**Staðsetning:** Arnórsstaðir, Jökuldal, Múlaþingi

**GPS hnit:** ISN93: A 677843.1, N 536442.8

**Rannsóknartími:** 16.10.2021

**Leyfishafi:** Rannveig Þórhallsdóttir f.h. Sagnabrunns ehf.

**Fjöldi starfsmanna:** Einn fornleifafræðingur og einn gröfumaður.



Kort 1. Staðsetning fornleifarannsóknar á landinu.

## **Abstract**

The goal of this watching brief was to estimate the date of archaeological remains nr. 119027 (NM-119:027 – on the north-west of a farm mound) that had previously been registered in the archaeological registration nr. 2165. According to a local source that remain could also have be a place where a oiltank was dug down. A test trench was taken through the archaeological remains. When the area was opened a strong smell of a smoke appeared and it became clear that the remains were recent because of a modern garbage (such as wood and cement) in the test trench. The 1875 tephra was not visible, but 1477 and 1362 in situ.

The farm mound 119001 (NM-119:001) was undisturbed in this watching brief (previously researched with test trenches in 2020). Archaeological remains on the west of the road (NM-119:013) were also undisturbed in this watching brief.

The conclusion of this report is that since NM-119:027 is not an archaeological remain, it will not be necessary to continue with further research at the site, but the final decision will be in the hands of the Cultural Heritage Agency of Iceland.

## Inngangur


Sagnabrunnur ehf. tók að sér að framkvæmda eftirlit fyrir Vegagerðina vegna vegaf framkvæmda hjá Arnórsstöðum í Jökuldal. Áður hafði verið gerð bæði fornleifaskráning og fornleifarannsókn á svæðinu.<sup>1</sup>

Fornleifarannsókn fór fram þann 16. október 2021. Uppgrafarleyfi veitti Minjastofnun Íslands þann 30. september. Rannsóknin fékk númerið 202109-0121 og safnnúmerið 2021-69 hjá Þjóðminjasafni Íslands.

Við vettvangsrannsóknina vann einn fornleifafræðingar og einn gröfumaður. Rannsóknin fór fram undir stjórn Rannveigar Þórhallsdóttur fornleifafræðings. Aðalsteinn Sigurðsson, gröfumaður hjá Héraðsverki sá um að taka könnunarskurðinn. Sandra Sif Einarsdóttir, forvörður, hjá Þjóðminjasafni Íslands var tengiliður rannsóknarinnar varðandi forvörslu ef gripir skildu finnast við rannsóknina.

---

<sup>1</sup> Lilja Björk Pálsdóttir, Magnús Á. Sigurgeirsson. (2020). „Arnórsstaðir á Jökuldal. Fornleifarannsókn vegna fyrirhugaðra vegaf framkvæmda.“ Fornleifastofnun Íslands. FS821-20321; Kristborg Þórsdóttir. (2020). „Fornleifaskráning vegna breytinga á Jökuldalsvegi í landi Arnórsstaða“. FS778-19431. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.



Mynd 1. Yfirlit yfir kort Vegagerðarinnar vegna framkvæmdanna. Svæðið sem hér um ræðir er í vinstra horni teiknarinnar.

## Framkvæmdasvæðið

Vegagerðin áætlar að breyta vegi hjá Arnórsstöðum í Jökuldal, Múlaþingi. Sjá má svæðið sem var til skoðunar til vinstri á mynd 1 og þær fornleifar sem mældar hafa verið upp á svæðinu.

## Saga Arnórsstaða

Skráðar hafa verið um 24 fornleifar að bænum og voru fornleifar rannsakaðar að bænum árið 2020 vegna breytinga á vegi. Helstu niðurstöður þeirra rannsókna voru að torfveggir með landnámslagi voru undir V-1477, Ö-1362 og K-1262 gjósku. Í skýrslum vegna fornleifarannsóknna kemur fram að samkvæmt heimildum hafi verið búið að Arnórsstöðum frá síðmiðöldum til ársins 2000 þegar jörðin fór í eyði. Jörðin kemur fyrst fyrir í heimildum frá miðri 15. öld, þ.e.a.s. í máldaga Hofteigskirkju. Til er sögn um að Arnór, sem jörðin heitir eftir,

hafi fallið í bardaga við Hákon á Hákonarstöðum, en sá bær er nefndur í Landnámabók. Samkvæmt munnmælasögu hvílir Arnór í miðju fjalli inn og upp af bænum.<sup>2</sup>

## Markmið

Tilgangur rannsóknarinnar var að uppfylla þau skilyrði sem Þuríður Harðardóttir, minjavörður hjá Minjastofnun Íslands hafði sett fram í bréfi 29. júní 2021, að hafa framkvæmdareftirlit á staðnum og meta hvort fornleifar væru undir sverði og hvort þörf yrði á umfangsmikilli fornleifarannsókn. Markmið vettvangsrannsóknanna var að hafa framkvæmdareftirlit að Arnórsstöðum í Jökuldal vegna vegaf framkvæmda þar sem minjar höfðu verið skráðar á framkvæmdasvæðinu í fornleifaskráningu nr. 2165. Samkvæmt fornleifarannsókn sem fór fram árið 2020



Mynd 1. Yfirlit yfir könnunarskurði sem teknir voru árið 2020 í rannsókn Fornleifastofnunar Íslands (Lilja Björk Pálsdóttir, 2020, bls. 8).



Mynd 2. Yfirlit yfir fornminjar, merktar inn með gulu, veglinu merktar inn með rauðu og könnunarskurð merktan inn með bláu.


var skurður tekinn á næstum sama stað í tóft 119:027, sjá skurð 5 á mynd 3. Niðurstöður þeirrar fornleifarannsóknar var að ekki væri um fornleifar að ræða, heldur væri um vélaramp að ræða. Þá sást í sniði mikið raskaður jarðvegur með viðarkolum og

<sup>2</sup>Ármann Halldórsson, 1973. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi*, bls. 265-267; Lilja Björk Pálsdóttir, Magnús Á. Sigurgeirsson. (2020). „Arnórsstaðir á Jökuldal. Förrannsókn vegna fyrirhugaðra vegframkvæmda.“ Fornleifastofnun Íslands. FS821-20321; Kristborg Þórsdóttir. (2020). „Fornleifaskráning vegna breytinga á Jökuldalsvegi í landi Arnórsstaða“. FS778-19431. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík; Örnefnaskrá Arnórsstaða í Jökuldal, 1973.



torfsneplum, auk allskyns brotajárns, plasts, glers og grjóts.<sup>3</sup>

## Rannsóknaraðferð og könnunarskurður



Mynd 3. Norðursnið í tóft NM-119:027.

Rannsóknin á vettvangi fór fram 6. október 2021 og lauk sama dag. Framkvæmdasvæðið sem var skoðað liggur norðvestan við bæjarhólinn að Arnórsstöðum í Jökuldal, Múlaþingi. Grafinn var könnunarskurður í gegnum tóft sem var mæld upp í eldri fornleifaskráningu sem nr. 119027 (NM-119:027), þúst, norðvestan við bæjarhól. Í þeirri skráningu segir að ekki sé víst að um fornminjar sé að ræða. Heimildamaður taldi að inni í þústinni gæti hafa verið tankur sem geymdi olíu til húshitunar. Sem fyrr segir var grafinn skurður á svipuðum stað árið 2020 sem leiddi í ljós að ekki væri um fornminjar að ræða.

Grafinn var 3,8x3,9 m, áttalag A-V og 2 m djúpur skurður í gegnum tóft NM-119:027. Þegar grafið var í gegnum tóftina gaus upp reykjarlykt. Tóftin reyndist ekki vera fornminjar heldur

---

<sup>3</sup> Lilja Björk Pálsdóttir, Magnús Á. Sigurgeirsson. (2020). „Arnórsstaðir á Jökuldal. Forannsókn vegna fyrirhugaðra vegframkvæmda.“ Fornleifastofnun Íslands. FS821-20321, bls. 18-19.

Fornleifarannsókn vegna vegaf framkvæmda að Arnórsstöðum, Jökuldal, Múlaþingi

ruslagryfja með nútímarusli, t.d. nýlegum við og steypubrotum. 1875 gjóska ekki sýnileg, en V-1477 og Ö-1362 in situ. Enginn gripur fannst við rannsóknina.

Ekki var raskað frekar við bæjarhólnum 119001 (NM-119:001) enda hafði hann verið rannsakaður neð könnunarskurðum árið 2020. Minjum vestan við veg (NM-119:013, tóft, garðlagi og beitarhúsi) var ekki raskað.

Þar sem meint tóft NM-119:027 reyndist ruslahaugur var ekki talin ástæða til að teikna snið könnunarskurðsins.

Skurðurinn var mældur inn í Isnet. Mæligögnum verður skilað til Minjastofnunar Íslands.

## **Niðurstöður**

Einungis fannst rusl í könnunarskurð meintar tóftar NM-119:027 frá seinni hluta 20. aldar. Ekki var raskað frekar við bæjarhóli 119001 (NM-119:001) enda hafði hann verið rannsakaður neð könnunarskurðum árið 2020. Minjum vestan við veg (NM-119:013, tóft, garðlagi og beitarhúsi) var ekki heldur raskað.

Þar sem meint tóft NM-119:027 reyndust ekki fornminjar og ekki var raskað við minjum NM-119:001 né NM-119:013 taldist ekki ástæða til að grípa til frekari ráðstafana til verndunar minja að Arnórsstöðum vegna vegaf framkvæmdanna. Það er þó ákvörðun Minjastofnunar Íslands með hvaða hætti varðveislu eða frekari rannsóknum skuli vera háttað.

## Heimildir

Adolf Friðriksson (ritstj.). (2001). „Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka.“ FS135a-00061, Skýrslur FSÍ um umhverfismat. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Adolf Friðriksson og Ragnar Edvardsson. (2001). „Kárahnjúkavirkjun. Fornleifar og vatnafar.“ Fornleifastofnun Íslands. FS150-00062.

Ágúst Ó. Georgsson. (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Ármann Halldórsson, (1975). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II. bindi*, Búnaðarsamband Austurlands.

Helgi Hallgrímsson. (1993-2000). „Náttúru- og menningarminjar í Austfirðingafjórðungi.“ Vegna skógræktar. [Óbirt, varðveitt hjá Skógrækt ríkisins].

Hjörleifur Guttormsson (2018). *Upphérað og öræfin suður af*. Ferðafélag Íslands.

*Íslenskt fornbréfasafn, I-XVI*. (1857-1972). Kaupmannahöfn/Reykjavík.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Kristborg Þórsdóttir. (2020). „Fornleifaskráning vegna breytinga á Jökuldalsvegi í landi Arnórsstaða“. FS778-19431. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Kristján Eldjárn. (2016). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. Þjóðminjasafn Íslands o.fl.

Lilja Björk Pálsdóttir, Magnús Á. Sigurgeirsson. (2020). „Arnórsstaðir á Jökuldal. Forrannsókn vegna fyrirhugaðra veg framkvæmda.“ Fornleifastofnun Íslands. FS821-20321.

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands ([www.map.is/minjastofnun/#](http://www.map.is/minjastofnun/#))

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1999). „Menningarminjar í Jökuldals- og Hlíðarhreppi í Norður-Múlasýslu, Svæðisskráning.“ Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS080-98089.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1998). „Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og í Borgarfirði eystra. Greinargerð um svæðisskráningu.“ Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS072-98081.

Páll Pálsson. 1997. „Teikningar af bæjum á Jökuldal.“ Múlaþing 24: 147-156.  
Héraðsnefnd Múlasýslna, Egilsstöðum.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2020). „Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara á Efri-Jökuldal.“ Sagnabrunnur ehf.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). „Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 2. áfangi. Jökulsárhlíð og Jökuldalur.“ Sagnabrunnur ehf.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2021) „Fornleifaskráning vegna deiliskipulags að Hákonarstöðum, Jökuldal, Múlaþingi.“ Sagnabrunnur ehf.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2022). „Fornleifaskráning vegna breytinga á vegi á milli Hákonarstaða og Arnórsstaða í Jökuldal, Múlaþingi.“ Sagnabrunnur ehf.

*Túnakort* (1919-1920) fyrir Arnórsstaði í Jökuldal, Norður-Múlasýslu, nú Múlaþingi.  
Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík ([testbirting.manntal.is](http://testbirting.manntal.is)).

Örnefnastofnun (1973). Skrá yfir örnefni að Arnórsstöðum í Jökuldal. Uppfletting á [nafnid.is](http://nafnid.is)

## Fylgigögn

### Ljósmyndaskrá

<p>2021-10-06 kl. 09:45. Grafið í tóft NM-119:027.</p>	
<p>2021-10-06 kl. 09:45. Grafið í tóft NM-119:027.</p>	
<p>2021-10-06 kl. 09:58. Ruslslag frá 20. öld fyrir ofan V-1477 og Ö-1362.</p>	


2021-10-06 kl. 09:58. Ruslslag frá 20.  
öld fyrir ofan V-1477 og Ö-1362.



2021-10-06 kl. 10:09. Ruslslag frá 20.  
öld fyrir ofan V-1477 og Ö-1362.



2021-10-06 kl. 10:11. Ruslslag frá 20. öld fyrir ofan V-1477 og Ö-1362.



2021-10-06 kl. 10:12. Ruslslag frá 20. öld fyrir ofan V-1477 og Ö-1362.

